Fjölgum konum
í forystusveit íslensks viðskiptalífs

September 2009

FKA - Félag kvenna í atvinnurekstri, SA - Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands skrifuðu nýlega undir meðfylgjandi samstarfssamning, sem var jafnframt vottaður af öllum stjórnmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi.

Markmið samningsins er einfalt: Að konum í forystusveit íslensks viðskiptalífs verði fjölgað þannig að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40% í lok árs 2013. Samhliða samningnum gerði CreditInfo rannsókn sem sýnir svo ekki verður um villst að blandaðar stjórnir skila bestri rekstrarafkomu fyrirtækja – og að einsleitar stjórnir, hvort sem um er að ræða þær skipaðar annarsvegar konum eða hinsvegar körlum, leiða til meiri áhættusækni og lakari árangurs.

Athugun CreditInfo hefur leitt í ljós að töluvert skortir upp á að ofangreindri blöndun sé náð og því of lítið um að konur sitji í stjórnum íslenskra fyrirtækja til jafns við karla. Þessu þarf að breyta og til að auðvelda þér leit að öflugum aðilum í forystu íslensks viðskiptalífs fylgir hér listi yfir konur, sem eru tilbúnar til að leggja sitt af mörkum.

Frekari upplýsingar veita undirrituð

f.h. stjórnar FKA
Hafdís Jónsdóttir formaður

f.h. Viðskiptaráðs Íslands
Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri

f.h. SA - Samtaka atvinnulífsins
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri

FKA Félag kvenna í atvinnurekstri

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

CREDITINFO GROUP HELPING BUSINESS MANAGE CREDIT